

## **Samantekt bæjarstjóra á bæjarstjórnar fundi 9. September.**

### **Júlí**

Bæjarstjórn fór í sumarleyfi 1. júlí en bæjarráð fór með valdheimildir bæjarstjórnar í sumarleyfinu. Á fundum bæjarráðs voru meðal annars til umfjöllunar samgöngumál, heilbrigðismál og framkvæmdir við NSL-3 vatnslögnina og NSL-4 almannavarnalögnina og fjárhagsáætlunarvinna.

### **Ágúst**

Stærsta mál ágústmánaðar var tjón sem varð á NSL-4 almannavarnalögninni og þau áhrif sem það hafði á framgang verkefnisins og samgöngumál. Eins og ég fór yfir fyrr á fundinum.

Undirrituð voru breytt aðal- og deiliskipulög vegna fyrirhugaðra framkvæmda hjá Laxey Verkefni er að enn stækka og gengur mjög vel .

### **Þjóðhátíð og samfélagsmál**

Í byrjun ágúst voru undirritaðir samningar um skólamáltíðir við Einsa Kalda og samningur um matarþjónustu fyrir eldri borgara við Vöruhúsið. Voru tilboðin nálægt kostnaðarmati. Einski heldur áfram með skólamatinn sem hann hefur sinnt vel í á annan áratug. Gott hefur þjónustað eldri borgarana og vil ég þakka þeim fyrir ánægjulegt samstarf en þau buðu ekki í matinn að þessu sinni.

Þjóðhátíðin tókst afar vel og var haldin í einstakri veðurbliðu. Í kringum Þjóðhátíð er alltaf mikið um viðtöl. Ræddi ég við m.a. FM957, Rás 2 og Bylgjuna um okkar einstöku hátíð.

### **Samgöngur og samstarf**

Áfram var unnið að málefnum Herjólfss III. í samtali við Vegagerðina eins og ég fór yfir fyrr á fundinum. Einnig fundaði ég með bæjarstjóra Akureyrar um ýmiss sameiginleg hagsmunamál og samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga fundaði í ágúst um starfið framundan og eru stærstu málin nýtt lagareldisfrumvarp sem verður vonandi lagt fram að nýju og eftirfylgnin vegna veiðgjaldafrumvarps og áhrifa þess sem Byggðastofnun á að meta.

Nú í vikunni mætti ég á fund með vinnuhópi um ferjuáætlun sem ríkistjórnin skipaði þar sem ég fór yfir stöðu Herjólfss IV., varaskips og samgöngur við Vestmannaeyjar almennt. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að horfa heildstætt á framtíðarþarfir samgangna og læra af þeirri stöðu sem kom upp síðastliðinn vetur eins og fram í umræðum um samgöngumál.

Það sýnir svart á hvítu hversu mikil áhrif það hefur hvert er siglt, að farþegatölur Herjólfss drógust saman á vormánuðum vegna aukinna siglinga til Þorlákshafnar og þess að Landeyjahöfn opnaði mjög seint í vor. Þetta hefur mikil neikvæð áhrif á okkar samfélag og mjög neikvæð áhrif á rekstur skipsins.

## **Menntamál**

Ég fundaði með forstjóra Menntamálastofnunar vegna stöðu menntamála og hlutverks stofnunarinnar. Margir innan sveitarstjórnarstigsins hafa miklar áhyggjur af þróun mála og telur að ríkisvaldið hafi ekki brugðist nægilega við þeim áskorunum sem skólakerfið stendur frammi fyrir. Það vantar allt samtal við sveitarfélögin. Leik- og grunnskólar eru á ábyrgð sveitarfélaga, en það skortir sameiginleg markmið og mælikvarða ríkis og sveitarfélaga um árangur í menntun. Því miður voru í gær koma ekki á óvart en eru engu síður mjög sláandi eitt skiptið enn. Mikilvægt er að tryggja öllum nemendum jafna stöðu og sambærileg tækifæri til menntunar óháð búsetu.

## **Fjármál og stjórnsýsla**

Fundað var með aðalstjórn og varastjórn Lánasjóðs sveitarfélaga, en Vestmannaeyjabær er næst stærsti hluthafi sjóðsins.

Ég fundaði með framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga til að fylgja eftir kröfunni um að VSK verði ekki á framkvæmdum vegna lögbundinna verkefna, s.s. skólahúsnæðis og annarra innviða. Sambandið er með það mál á oddinum. Einnig fór ég yfir stöðuna með almannavarnalögnina sem enn hefur ekki klárast gagnvart ríkinu.

Vinnuferð framkvæmdastjórnar markaði upphaf vinnu við fjárhagsáætlunargerð haustsins. Í ferðinni voru kynnt ýmiss stjórnarsýslu- og rekstrarmál í Kópavogi sem tengjast stærstu málaflokkum sveitarfélaga.

## **Atvinnu- og þróunarmál**

Tekið var á móti kínverskri sendinefnd sem heimsótti landið vegna málefna tengdum laxeldi og sölu á laxi. Tókst heimsóknin vel og skartaði Eyjan sýnu fegursta.

Jákvæðar fréttir bárust af verkefni Eyjaganga. Kjarnaborun í Landeyjum hefur verið lokið. Þá var undirrituð viljayfirlýsing við innviðaráðuneytið um samstarf vegna verkefnisins, meðal annars varðandi ráðgjöf í leyfisveitingum, gagnaöflun, greiningar og tengingu við vegakerfi landsins. Félagið Eyjagöng ehf. ber þó áfram alla fjárhagslega ábyrgð á verkefninu.

## **Ferðapjónustan**

Yfir 100 skemmtiferðaskip höfðu bókað komu til Vestmannaeyja í sumar, þó að um 15 skip hafi þurft að fella niður komu sína vegna veðurs og aðstæðna. Horfur fyrir næsta sumar eru ekki jafn góðar, meðal annars vegna breytinga á skattaumhverfi skemmtiferðaskipa sem hafa dregið úr áhuga á siglingum til landsins. Er það

áhyggjuefni. Í sumar voru afhentir skildir til tveggja skipa í tilefni af fyrstu komu þeirra til Vestmannaeyja.

Eftir gríðarlega erfitt vor hefur gengið vel hjá aðilum í ferðapjónustunni í sumar og munaði miklu um að aukin tíðni ferða var yfir mikla álagstíma og síðsumar hefur veðrið leikið við okkur.

Í dag í hádeginu var verið að afhenda umhverfisverðlaun og vil ég óska öllum þeim sem hlutu viðkenningu til hamingju og þakka þeim fyrir að taka þátt í að gera bæinn okkar fallegri.